

Reykjavík, 22. nóvember 2012

Umboðsmaður skuldara
Kringlan 1
150 Reykjavík

Afrit: Velferðarráðherra
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
150 Reykjavík

Efni: Álit samráðsnefndar gjaldskyldra aðila á skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað umboðsmanns skuldara fyrir árið 2013

Samráðsnefnd gjaldskyldra aðila samkvæmt lögum um gjalddöku vegna Umboðsmanns skuldara (UMS) var skipuð á vormánuðum 2012. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um skýrslu Umboðsmanns skuldara skv. 2 gr. laga nr. 166/2011 og skila álitum um skýrsluna til umboðsmanns skuldara. Álit nefndarinnar á samkvæmt lögum að fylgja skýrslu Umboðsmanns skuldara til velferðarráðherra fyrir 1. júlí ár hvert. Skýrslu Umboðsmanns skuldara um áætlaðan rekstrarkostnað á að afhenda Samráðsnefndinni fyrir 1. júní ár hvert og álit Samráðsnefndar skilað til Umboðsmanns fyrir 14. júní.

Samráðsnefndinni barst endanleg skýrsla um áætlaðan rekstrarkostnað Umboðsmanns skuldara árið 2013 þann 9. nóvember sl. en Samráðsnefndin hafði hitt fulltrúa UMS þrívægis í sumar og haust vegna málsins.

Meginniðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi:

1. Kostnaður vegna ársins 2012 stefnir í 1.262 m.kr. en áætlað var að hann yrði 1.050 m.kr. eða 212 m.kr. umfram áætlun. Kostnaðaraukningu má rekja til aukins kostnaðar vegna umsjónarmanna skv. upplýsingum frá UMS. Umsjónarmenn munu því væntanlega ljúka fleiri málum á yfirstandandi rekstrarári en gert var ráð fyrir. Samráðsnefndin félst á þau rök UMS að skynsamlegra að væri að afgreiða þau mál sem væru að berast frá umsjónarmönnun jafnóðum fremur en að fresta þeim til næsta árs (2013). Hætta væri á að frumvörp umsjónarmanna yrðu úrelt ef tafir yrðu við móttöku eða úrvinnslu þeirra.
2. Fram kemur í rekstraráætlun UMS að kostnaður umfram það gjald sem þegar hefur verið lagt á gjaldskylda aðila vegna áranna 2010 til 2012 nemi 158 m.kr..
3. Þá kemur fram í skýrslu umboðsmanns að gjaldskyldum aðilum hafi fækkað og vanhöld á innheimtu álagðar gjalda af þeim sökum nemi 89 m.kr. Í rekstraráætluninni er greint frá því að þetta komi til vegna þess að aðilar hafi skilað inn starfsleyfi eða mótmælt áætlun. Lagt er til að sá mismunur komi til innheimtu á árinu 2013 og færist á þá gjaldskylda aðila sem eftir standa. Óljóst er af hverju þessi gjöld hafa ekki innheimst. Í lögum nr. 166/2011 um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara segir í 1. mál. 1. greinar:

„Aðilar sem hafa leyfi til að stunda starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og váttryggingafélög skulu standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara með greiðslu sérstaks gjalds í samræmi við ákvæði laga þessara. Hið sama á við um fjármálafyrirtæki sem er stýrt af skilanefnd, slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þess verið afturkallað, enda stundi það eða hafi stundað starfsemi skv. 2. og 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. þeirra laga.“

*Wok
AM
Pati.
SGP*

4. Endanleg rekstraráætlun ársins 2013 liggur nú fyrir og er áætlaður rekstrarkostnaður 1.049 m.kr. eða svipuð fjárhæð og áætlun ársins 2012.
5. Að teknu tilliti til allra þessara þátta, þ.e. áætlunar fyrir 2013, frávíks tekna og gjalda 2010 – 2012 og vanhalda við innheimtu gjalda mun heildarálagning ársins 2013 nema 1.297 m.kr.
6. Að meðtalinni álagningu ársins 2013 stefnir í innheimt gjöld af gjaldskyldum aðilum á árunum 2010 – 2013 nemi samtals 3.417 m.kr. vegna rekstrar embættisins. Innheimt gjöld fram til loka ársins 2012 eru 2.119 m.kr.

Álit samráðsnefndar er eftirfarandi:

1. Samandregið er afstaða gjaldskyldra aðila til rekstraráætlunar UMS fyrir 2013 eftirfarandi: Í heild eru það gjaldskyldum aðilum vonbrigði að þrátt fyrir þá miklu fjármuni sem ráðstafa hefur verið til embættisins undanfarin ár hafi ekki meira áunnist að við að vinna úr þeim fjölda umsókna sem barst árunum 2010 – 2012, aðallega á árunum 2010 og 2011.

Þá liggur ekki fyrir að á næsta ári sé hægt að draga úr kostnaði við rekstur embættisins samfara því að sá kúfur umsókna greiðsluferfiðleika sem fylgdi hruninu sé afstaðinn. Óheppilegt er að áætlunin sé ekki til lengri tíma en eins árs og ekki sé kynnt stefna varðandi umfang og kostnað við rekstur embættisins á næstu árum. Samhliða þarf að móta og skilgreina það hlutverk sem embættinu er ætlað til framtíðar.


Mikið skortir á að framsetning rekstraráætlunar sé með þeim hætti að gjaldskyldir aðilar geti áttað sig á kostnaði við einstaka þætti rekstarins og hvað þeir fjármunir sem áætlaðir eru til rekstrarins á næsta ári muni skila, sérstaklega hvað varðar afgreiðslu samþykkrtra umsókna um greiðsluaðlögun.

Ljóst virðist af skýrslunni að margir þættir löggjafarinnar um greiðsluaðlögun þarfnast endurskoðunar með það fyrir augum að tryggja skilvirgni úrræðisins. Um það vitnar fjöldi kærumála og svokallaðra 15. greinar mála. Þá virðist það fyrirkomulag að nota utaðkomandi aðila sem umsjónarmenn greiðsluaðlögunar vera óskilvirkt og kostnaðarsamt í samanburði við vinnslu innanhús. Þegar er hafin endurskoðun á lögunum og mikilvægt er að því sé hraðað eins og hægt er. Bæði til að flýta afgreiðslu mála og lækka kostnað við rekstur embættisins.

2. Embætti umboðsmanns skuldara er ung stofnun og skiljanlegt að byrjunarefniðleikar hafi verið við úrlausn þeirra flóknu verkefna sem stofnuninni var falið. Stofnuninni var falið nýtt úrræði sem byggði á nýrri löggjöf til að aðstoða við skuldavanda heimila. Því var skiljanlegt að erfitt væri um vik fyrst um sinn við gerð áætlana um afgreiðslu mála og kostnað vegna þeirra. Rétt er þó að hafa í huga að talið var að reynsla og þekking sem myndast hafði hjá fyrirrennara embættisins, Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna, gæti nýst í starfsemi umboðsmanns skuldara.

Nú eru liðin rúm tvö ár frá því að embættinu var komið á fót og ætla mátti að komin væri nokkur festa í rekstri hennar bæði hvað varðar afgreiðsluhraða mála og kostnað við afgreiðslu þeirra. Eigi að síður hefur samráðsnefndin átt erfitt með að átta sig á þessum þáttum við mat sitt á áætlun ársins 2013

3. Verkefni UMS eru í grófum dráttum tvíþætt. Annars vegar ráðgjöf, fræðsla og aðstoð við heimili vegna fjármála þeirra og samskipti þeirra við lánastofnanir og hins vegar að veita einstaklingum atbeina við greiðsluaðlögun sem er sérstakt úrræði fyrir einstaklinga í



verulegum greiðsluvanda. Áætlað er að á árinu 2013 muni um 23 stöðugildi sinna fyrri þættinum en 32 stöðugildi síðari þættinum. Ekki kemur fram í áætluninni hversu mörg stöðugildi verði í heild hjá UMS á árinu 2013. Ekki kemur fram í áætluninni að áform séu um að fækka starfsmönnum. Samkvæmt skýrslu eru nú um 80 stöðugildi og má þannig að ætla að 25 stöðugildi verði í stoðverkefnum og yfirstjórn.

4. Samkvæmt yfirliti sem samráðsnefndin hefur aflað frá UMS hafa um 3900 umsóknir borist um greiðsluaðlögun frá upphafi till loka ágúst á þessu ári. Um 3000 þeirra hafa verið samþykktar, tæplega 500 hefur verið synjað og um 340 hafa verið afturkallaðar. Af 3000 samþykktum umsóknum um greiðsluaðlögun hafa um 1080 leitt til samninga um greiðsluaðlögun og um 32 mál hafa farið til dómstóla og hafa þeir samþykkt greiðsluaðlögun í 15 málum. Um 207 hefur verið synjað eða þau afturkölluð. Samtals eru um 1.700 mál sem samþykkt hafa verið til greiðsluaðlögunar óafgreidd, auk þess sem um 400 umsóknir um greiðsluaðlögun eru óafgreiddar. Alls eru því óafgreidd mál um 2.100 eða röskur helmingur allra umsókna. Áætlað er að 600 nýjar umsóknir um greiðsluaðlögun berist á árinu 2013
5. Erfitt er að átta sig á grundvelli áætlunarinnar hver framvindan verður á árinu 2013, þ.e. hversu margar umsóknir um greiðsluaðlögun verða afgreiddar á árinu 2013 annað hvort með samningum eða fyrir atbeina dómstóla. Mikilvægt er að á árinu 2013 takist á saxa á þann fjölda umsókna fyrir liggur og embættið komist í þá stöðu að vera vinna úr umsóknum sem borist hafa undanfarna mánuði. Vegna eðlis starfseminnar hjá embættinu, er nauðsynlegt að gerð sé áætlun til lengri tíma en eins árs. Stór hluti verkefnanna er uppsafnaður vandi í kjölfar hrunsins. Mikilvægt er að gera áætlun um hvernig unnið verði úr þeim vanda og greint hvernig kostnaður við rekstur embættisins lækkar á næstu árum við að reksturinn kemst í meira jafnvægi.
6. Í rekstraráætluninni eru ítarlega fjallað um vaxandi verkefni hjá embættinu vegna kærumála og svokallaðra 15. gr. mála en það eru mál þar sem umsjónarmaður telur að fram séu komnar upplýsingar sem valda því að greiðsluaðlögun sé ekki heimil og umboðsmaður þarf að taka afstöðu til þess hvort fella eigi niður greiðsluaðlögunarumleitunir. Kærumál á árinu 2012 eru áætluð 311 og mál vegna 15. gr. um 404 skv. skýrslu UMS um áætlaðan rekstrarkostnað. Efnislega fela þessar kærur í sér að endurvinna þarf mál sem þegar hafa fengið ýmist fullnaðarafgreiðslu, oft synjun eða hafa fengið ítarlega skoðun hjá umsjónarmönnum. Því fylgir aukakostnaður. Mikill fjöldi ágreingsmála af þessu tagi endurspeglar að mati samráðsnefndarinnar er að löggjöfin um greiðsluaðlögun er ekki nægjanlega skýr. Vinna er þegar komin í gang við endurskoðun laganna og er mikilvægt að henni sé hraðað. Endurbætt löggjöf getur stuðlað að meiri hraða við afgreiðslu mála hjá embættinu og dregið úr kostnaði.

Samráðsnefnd telur nauðsynlegt að framtíðarhlutverk embættisins verði skilgreint til framtíðar. Rekstraráætlanir og lykilmforsendur í rekstri verði settar fram með skýrari hætti til hið minnsta 3ja ára í senn og sett í samhengi við skilgreind rekstrarmarkmið. Þannig má auka gagnsæi og skilvirkni í rekstri embættisins.

Reykjavík, 22. nóvember 2012

Guðrún Guðmundsdóttir
Ágúst Þor

Samráðsnefndin
Óskar Þorgeirsson

